



RAFRÆN ÞÁTTAKA Í AÐALFUNDI - LEIÐBEININGAR

SKRÁNING Á FUND OG AÐGANGUR

Skráning hluthafa og umboðsmanna fer fram á heimasíðu félagsins **syn.is/fjarfestatengsl/adalfundur**

- Fylla þarf út skráningarform þar sem er nauðsynlegt að láta mynd af gildum persónuskilríkjum fylgja með sem viðhengi og afrit af umboði þegar það á við.
- Mikilvægt er að þátttakendur skrái rétt netfang og farsímanúmer með viðeigandi landnúmeri.
- Að lokinni skráningu fá þátttakendur senda staðfestingu á skráningu á uppgefið netfang.
- Þátttakendur fá sendan staðfestingarpóst á uppgefið netfang með hlekk á vefsvæði þar sem fundinum verður streymt.
- Upplýsingar um lykilorð* verða jafnframt sendar í uppgefið farsímanúmer.
- Skráning lokar kl. 15:00 þann 18. mars 2021 og ekki verður hægt að tryggja þátttöku á fundinum berist skráning eftir þann tíma.
- Þeir hluthafar sem vilja leggja fram spurningar undir einstaka lið í dagskrá fundarins er bent á að senda þær á **adalfundur2021@syn.is**. Einnig verður hægt að senda spurningar til fundarstjóra á meðan fundi stendur í gegnum kosningakerfið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA

Atkvæðagreiðsla á aðalfundinum mun fara fram eingöngu í gegnum stafræna kosningakerfið Lumi AGM (**lumiglobal.com**).

- Hægt er að velja að nálgast kosningakerfið í gegnum vafra eða snjallforrit/app:
 - Vafri – **web.lumiagm.com**
 - Snjallforrit/app – Nálgast þarf forritið LUMI AGM í App Store eða Play Store.
- Hluthafi skráir sinn með auðkenni fundarins (Enter Meeting ID) sem hann fær sent fyrir fundinn.
- Hluthafi skráir sig inn með notendanafni (Username) og lykilorði (Password) sem hann fær sent fyrir fundinn.
- Þegar viðeigandi tákn er valið birtist listi með tillögum fundarins og kosningavalmöguleikum.
- Þegar valmöguleiki hefur verið valinn birtast staðfestingarskilaboð.
- Ef hluthafi vill skipta um skoðun getur hann kosið að nýju á meðan kosning er ennpá opin.
- Til að hætta við getur hluthafi valið Cancel.

Athugið að innslegið auðkenni í kosningakerfi mun jafngilda undirskrift hluthafa og telst staðfesting á þátttöku hans á fundinum.

*Upplýsingar um lykilorð sem hluthafar fá sendar til að auðkenna sig inná aðalfund Sýnar hf. og til greiðslu atkvæða í gegnum kosningakerfi eru á ábyrgð hluthafa eftir að það hefur verið borist honum í smáskilaboði. Hluthafi skal varðveita lykilorð tryggilega og gæta þess að aðrir hafi ekki aðgang að því.

